

Fimmtudaginn 10. desember 1998.

Nr. 157/1998.

**Halla Björk Marteinsdóttir**

(Klemenz Eggertsson hdl.)

gegn

**Tryggingastofnun ríkisins**

(Erla S. Árnadóttir hrl.)

**og gagnsök**

Örorkustyrkur. Skaðabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 8. apríl 1998. Hún krefst þess aðallega, að gagnáfrýjandi greiði sér 1.283.758,50 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. september 1994 til greiðsludags, en til vara 523.403,26 krónur með dráttarvöxtum frá 2. júní 1996 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði 8. júní 1998 og krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af aðalkröfu aðaláfrýjanda, en til vara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða 272.325 krónur með dráttarvöxtum frá dómsuppsögudegi. Hann krefst þess og, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, að því er varakröfu aðaláfrýjanda varðar, og henni vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af varakröfunni. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar.

Aðaláfrýjandi bar fyrir héraðsdómi, að faðir sinn hefði margsinnis leitað eftir bótum hjá gagnáfrýjanda, en hún ekki farið með honum fyrr en árið 1990, og hafi þeim feðginum þá verið bent á að tala við lækni og fara í örorkumat. Hafi misskilningurinn eða mistökinn um bótarétt hennar þá uppgötvast. Umsókn sín 11. nóvember 1990 hafi verið lögð fram í beinu framhaldi þess.

Faðir aðaláfrýjanda, Marteinn Guðjónsson, bar fyrir héraðsdómi, að hann hefði fyrst farið og leitað eftir bótum hjá tryggingastofnun um það bil tveimur árum eftir slysið. Hafi hann komið í afgreiðslu-

salinn að meðaltali einu sinni á ári, en alltaf fengið þær sömu upplýsingar, að hún ætti engan rétt, þar sem hún hefði verið farþegi í bifreiðinni.

Ólafur Jónsson læknir, sem mat varanlega örorku aðaláfrýjanda 60% 26. ágúst 1983, starfaði ekki á þeim tíma hjá gagnáfrýjanda, og var matið ekki á vegum gagnáfrýjanda. Mat Júlíusar Valssonar tryggingayfirlæknis leiddi til þess, að hún gat sótt um örorkustyrk á grundvelli 12. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, nú 13. gr. laga nr. 117/1993, sem hún gerði með umsókn sinni 11. nóvember 1990.

Svo sem í héraðsdómi greinir, úrskurðaði tryggingaráð 28. júní 1994, að aðaláfrýjanda skyldi greiddur örorkustyrkur frá 1. október 1983. Var þetta gert þrátt fyrir 2. mgr. 48. gr. laga um almannatryggingar, sem kveður á um, að bætur, aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar, skuli aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár. Úrskurður tryggingaráðs er tekinn upp orðrätt í héraðsdómi. Telja verður, að í honum felist viðurkenning á bótaábyrgð gagnvart aðaláfrýjanda, sem gagnáfrýjandi verði að vera bundinn við. Þegar þetta er virt, þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um bætur til aðaláfrýjanda úr hendi gagnáfrýjanda með vísan til forsendna hans.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningisþóknun lögmanns hennar, samtals 300.000 krónur.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. janúar 1998.**

Mál þetta, sem dómtekið var 12. desember sl., er höfðað með birtingu stefnu 18. júní sl.

Stefnandi er Halla Björk Marteinsdóttir, kt. 070566-4869, Blöndubakka 13, Reykjavík.

Stefndi er Tryggingastofnun ríkisins, kt. 660269-2669, Laugavegi 114, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða henni 1.283.758,50 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með áorðnum breytingum frá 3. september 1994. Til vara er þess krafist, að stefnanda verði dæmdar skaðabætur að álitum auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með áorðnum breytingum frá 2. júní 1996 til greiðsludags. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi og að málskostnaður verði tildæmdur gjafsóknarhafa, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins fékk stefnandi gjafsókn í máli þessu.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af aðalkröfu stefnanda, til vara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda 272.325 krónur ásamt dráttarvöxtum frá dómsuppsögudegi. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnandi verði dæmd til að greiða honum málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi og að málflytningsþóknun beri virðisaukaskatt, sbr. lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Stefndi krefst þess, að varakröfu stefnanda verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfunni, og í báðum tilvikum, að stefnandi verði dæmd til að greiða honum málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi og málflytningsþóknun beri virðisaukaskatt, sbr. lög nr. 50/1988.

Stefnandi slasaðist í bifreiðaárekstri 13. september 1982. Var hún farþegi í bifreið og hlaut við áreksturinn mikla áverka á höfði, einkum andliti. Árni Björnsson, læknir á handlækningadeild Landspítalans, sendi bréf, dagsett 4. ágúst 1993, og stílaði það á: „Hr. tryggingalæknir Ólafur Jónsson, Tryggingastofnun ríkisins, Laugavegi 114, 101 Reykjavík“. Í bréfi þessu, sem stimplað er á um viðtöku 9. ágúst 1983 hjá tryggingayfirlækni, lýsir læknirinn því, að stefnandi hafi verið lögð inn á lýtalækningadeild Landspítalans 19. júní 1983, svo og meðferð, sem hún hlaut. Í lok bréfsins segir:

„Niðurstaða: Um er að ræða afleiðingar af bílslysi, sem eru meiri háttar lýti í andliti ungrar stúlku svo og nokkrar starfrænar truflanir á sjón á vinstra auga. Er ekki enn fyrirsjáanlegt, að hve miklu leyti hægt er að lagfæra þessi lýti, en það breytir ekki þeirri staðreynd, að þau eru og munu verða varanleg að miklu leyti.“

25. ágúst 1983 mat Ólafur Jónsson læknir örorku stefnanda, og segir í matsgerð hans m. a.:

„Hér er um að ræða rúmlega sautján ára menntaskólanema, er varð fyrir alvarlegu bílslysi fyrir tæpu ári og hlaut við slysið mjög útbreidda alvarlega

og deformerandi andlitsskemmd, sem þrátt fyrir umfangsmiklar aðgerðir hefir leitt til lýta, truflaðrar sjónar og andlitshreyfinga, þannig, að lýtin ein eru það mikil og þess eðlis, að þau eru verulega truflandi á möguleika hennar til ýmissa starfa og trufla eðlileg samskipti við annað fólk, og lýtin því þess eðlis, að varanleg örorka varðandi starfsgetu hefir hlotnast af þeim. Einnig er ljóst, að Halla Björk hefur hlotið höfuðkúpubrot við slysið, og sannar það leki mænuvökva úr nefi og útlit vinstra auga, en um persónuleikabreytingar er erfitt að dæma, þar sem lýtin í andliti stúlkunnar hljóta að vera henni til mikilla óþæginda í samskiptum við annað fólk. Kemur fram í umsögn foreldra, að hún t. d. fer minna út á meðal fólks en fyrir slysið og hefur ekki treyst sér til að stunda íþróttir, svo að neinu nemi, sem hún gerði áður, eða farið í vinnu, sem hún hefur þó átt kost á, t. d. við upplýsingar á vörusýningu þeirri, er nú stendur yfir hér í Reykjavík. Sannar þetta það, sem áður er nefnt, að lýtin ein valda verulegri starfsörorku. Missir lyktarskyns er, svo sem augljóst er, mjög til бага og getur auk þess verið lífshættulegur og telst vissulega nokkur örorkuvaldur. Hvað höfuðkúpubrotið varðar og hugsanlegar afleiðingar þess, verður ekki fullyrt á þessu stigi málsins, en hugsanlegt, að síðar kynnu að koma fram einkenni frá miðtaugakerfi, er rekja mætti til afleiðinga slyssins.

Eins og fram kemur í niðurstöðu vottorðs Árna Björnssonar, læknis á lýtalækningadeild Landspítalans, er það staðreynd, að núverandi útlitsástand stúlkunnar mun verða varanlegt, og auk þess hefur slysið leitt til lítills háttar sjónskerðingar og nokkurra post commosional einkenna, er hugsanlega geta bæði batnað lítillega eða versnað og jafnvel mikið.

Halla Björk hefir tafist a. m. k. um eina önn í skóla vegna slyssins og sumarvinna hennar nú mjög lítil, bæði vegna meðferðar utan og innan spítala og almenns ástands, og er vart hægt að telja hana vinnufæra, fyrr en hún hefur skólanám að nýju á hausti komanda.

Þar sem ekki er að vænta mikilla breytinga til bóta á tjóni því, er Halla Björk hefur orðið fyrir vegna slyssins 13. 9. 1982, telst tímabært að meta örorku þá, er af slysinu hlaust, og telst hún hæfilega metin:

100% í eitt ár, síðan  
60% varanleg.“

Fram kemur í málinu, að örorkumatgerðar þessarar hefur verið aflað til þess að nota til grundvallar kröfugerðar vegna örorkubóta til stefnanda frá þriðja aðila.

Fram kemur í gögnum málsins, að í desembermánuði 1990 hafi starfsmaður hjá stefnda bent stefnanda á, að hún skyldi sækja um örorkustyrk. Í kjölfarið ritaði stefnandi stefnda bréf, þar sem hún sækir um örorkubætur frá stefnda. Segir í bréfinu, að hún hafi ekki sótt fyrir um bætur, vegna þess

að henni hafi ekki verið kunnugt um, að hún ætti rétt til þeirra og enginn bent henni á það. Þá vísar stefnandi til viðtals, sem hún hafi átt við tryggingayfirlækni, þar sem hann hefði sagt henni, að hún ætti rétt til að vera metin 65% öryrki og fengi bætur samkvæmt því. Einnig hefði hann sagt henni, að hún gæti fengið greitt tvö ár aftur í tímann. Þá biður stefnandi jafnframt um það í bréfi sínu, að kannað verði, hvað valdi því, að hún fái aðeins greiddar bætur í tvö ár af þeim rúmu átta árum, sem liðin voru frá slysi hennar.

3. janúar 1991 mat Júlíus Valsson, þáverandi tryggingayfirlæknir, örorku stefnanda 65% frá 1. janúar 1989, og fékk hún greiddan örorkustyrk frá þeim degi.

Með bréfi, dagsettu 24. febrúar 1994, leitaði faðir stefnanda eftir því við formann tryggingaráðs, að stefnandi fengi frekari bætur, og 28. júní 1994 var svohljóðandi úrskurður kveðinn upp af tryggingaráði:

„Með bréfi til tryggingaráðs, dags. 24. febrúar 1994, kvartar Marteinn Guðjónsson, Arnarhrauni 29, Hafnarfirði, f. h. dóttur sinnar, Höllu Bjarkar, kt. 070566-4869, yfir upphafstímamörkum örorkubótageiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, en þau voru 1. janúar 1989, og fer þess á leit, að Halla Björk Marteinsdóttir fái „að fullu og öllu notið þeirra réttinda til greiðslu örorkubóta, sem hún svo sannanlega hefur haft síðan 13. september 1982. . .“.

Málavextir eru þeir, að 13. september 1982 var Halla Björk farþegi í bifreið, sem lenti í árekstri við vörubifreið og strætisvagn. Hlaut hún mikla áverka á höfði og varanlega örorku. Fékk hún greiddar bætur frá tryggingafélagi bílsins, sem slysinu olli, en sem farþegi átti hún ekki rétt til slysabóta hjá Tryggingastofnun ríkisins. Í framhaldi af bréfi Árna Björnssonar lýtalæknis, dags. 4. ágúst 1983, móttæknu hjá tryggingayfirlækni 9. ágúst 1983, mat Ólafur Jónsson tryggingalæknir 16. ágúst 1983 örorku Höllu Bjarkar 100% í eitt ár frá slysi, síðan 60% varanlega örorku. Engar greiðslur fengust samt frá tryggingastofnun þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir, og var því borið við, að Halla Björk ætti ekki rétt þar, sökum þess að hún hefði verið farþegi í bifreiðinni, en ekki ökumaður. Í desember 1990 benti starfsstúlka hjá stofnuninni á, að um misskilning væri að ræða. Enda þótt Halla Björk hefði ekki átt rétt til slysabóta, hefði hún átt og ætti rétt til almennra örorkubóta. Fór Halla Björk því í örorkumat hjá Júlíusi Valssyni tryggingayfirlækni, sem 3. janúar 1991 mat varanlega örorku hennar 65% frá 1. janúar 1989. Umsókn um örorkubætur er dags. 11. nóvember 1990. Tímamörkum örorkustyrks er mótmælt og óskað greiðslna lengra aftur í tímann, frá 13. september 1982.

Greinargerð slysaftryggingadeildar til tryggingaráðs er dags. 3. maí 1994, og telur deildin málið sér óviðkomandi. Greinargerð lífeyrisdeildar til ráðsins er dags. 9. maí 1994. Þar kemur fram, að ókunnugt er, hvers vegna ekki var sótt um örorkubætur, fyrr en mat Júlíusar lá fyrir. Báðar greinargerðir hafa verið sendar hlutaðeigandi, og eru ýtarlegar athugasemdir dagsettar 16. maí 1994.

Í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar ásamt síðari breytingum (nú 13. gr. laga nr. 117/1993) segir, að tryggingastofnun sé heimilt að veita örorkustyrk þeim, sem skortir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar og uppfylli skilyrði 1. mgr. að öðru leyti en því, er örorkustig varðar.

Í 1. mgr. er m. a. skilyrði fyrir bótum, að hlutaðeigandi sé öryrki til langframa. Skv. örorkumati 26. ágúst 1983 var staðfest 60% varanleg örorka (örorka til langframa) Höllu Bjarkar frá og með 13. september 1983. Skv. 55. gr. laga nr. 67/1971 (nú 47. gr. laga nr. 117/1993) þarf að sækja um örorkubætur, þ. e. formleg umsókn þarf að liggja fyrir, til að greiðsla fari fram. Umsókn um örorkubætur lífeyrstrygginga fyrir Höllu Björku er dagsett 11. nóvember 1990. Samkvæmt örorkumati frá 3. janúar 1991 er varanleg örorka 65% frá 1. janúar 1989. Um þau tímamörk er ágreiningur. Í 2. mgr. 56. gr. (nú 48. gr.) segir, að bætur, aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar, skuli aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár. Að þessari reglu var farið og miðað við þann tíma, er umsókn er dagsett.

Af gögnum málsins er hins vegar ljóst, að upplýsingar um slys Höllu Bjarkar bárust tryggingastofnun þegar 9. ágúst 1983. Frá þeim tíma og fram í desember 1990 er oft spurt um bótarétt Höllu Bjarkar hjá Tryggingastofnun ríkisins, en ætíð sagt, að um engan rétt væri að ræða, þar sem hún hefði verið farþegi, þ. e. ævinlega litið á málið sem slysamál, en ekki mál, er tilheyrði lífeyrisdeild, og því barst ekki umsókn fyrr. Ákvæði um örorkustyrk er heimildarákvæði. Rétt þykir að falla frá venjubundnum tímamörkum við úrskurð bóta. Varanleg örorka Höllu Bjarkar telst frá 13. september 1983 60% og 65% frá 1. janúar 1989. Örorkubætur eru greiddar á mánaðargrundvelli, og skulu því bætur greiddar frá 1. október 1983 að uppfylltum öðrum skilyrðum til örorkustyrks.

Því úrskurðast:

#### *Úrskurðarorð:*

Höllu Björku Marteinsdóttur, kt. 070566-4869, skal greiddur örorkustyrkur frá 1. október 1983 miðað við metna varanlega örorku að öðrum skilyrðum uppfylltum.“

*Málsástæður og lagarök.*

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ljóst sé af gögnum málsins, að henni hafi borið örorkustyrkur; hún hafi fullnægt öllum skilyrðum til að eiga rétt til hans samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 67/1971 um almanna-tryggingar (nú 13. gr. laga nr. 117/1993), enda hefði tryggingaráð úrskurðað henni mánaðarlegan örorkustyrk.

Stefnda beri að greiða örorkustyrk mánaðarlega, og þannig sé um ákveðinn gjalddaga að ræða. Stefnandi hafi ekki fengið greiddan örorkustyrk mánaðarlega, svo sem henni hafi borið, vegna atvika, er stefndi beri ábyrgð á, og eigi hún því rétt á dráttarvöxtum á mánaðarlegum örorkustyrk, eins og hann hafi verið ákvarðaður á hverjum tíma.

Þá er varakrafa studd þeim rökum, að alvarleg mistök hafi verið gerð af starfsfólki stefnda og skortur á leiðbeiningarskyldu gagnvart stefnanda, sem leitt hafi til fjártjóns hennar. Hún hafi fengið úrskurðaðan örorkustyrk 28. júní 1994 og fengið greiddar 282.798 krónur aftur í tímann, en enga vexti. Þannig hafi greiðslur borist henni árið 1994, sem henni hafi borið allt að rúmum tíu árum áður. Af því hefði hún augljóslega borið skaða, en erfiðleikar séu á að reikna tjón hennar út og því rétt að ákveða það að álitum.

Um kröfu stefnanda um dráttarvexti af örorkustyrk segir stefndi, að stefnandi hafi ekki átt ríkari rétt til örorkustyrks en tvö ár aftur í tímann, frá því að umsókn var lögð inn, sem hafi verið í nóvember 1990. Þann styrk hafi hún fengið úrskurðaðan þegar að fengnu örorkumati Júlíusar Valssonar frá 3. janúar 1991. Tryggingaráð hafi kosið að úrskurða stefnanda örorkustyrk allt frá 13. september 1983, er ár var liðið frá slysinu. Hafi sá úrskurður verið umfram skyldu, og geti stefnandi ekki reist neinn rétt á honum umfram það, sem úrskurðurinn hljóðar um, þ. e. höfuðstól örorkustyrks fyrir eldra tímabil, en stefnandi hafi þegar fengið hann greiddan.

Þá er dráttarvöxtum, sem kunni að hafa fallið á fyrr en fjögur síðustu ár fyrir málhöfðun, mótmælt sem fyrndum, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu. Enn fremur er varakröfu stefnanda mótmælt og þess krafist, að henni verði vísað frá dómi, með því að ekki sé í þessum lið gerð krafa um fjárhæð og stefna fullnægi að því leyti ekki skilyrðum 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þá er kröfunni mótmælt efnislega, enda telji stefndi, að fráleitt sé, að hann eða starfsfólk hans hafi sýnt af sér gáleysi, sem leitt hafi til fjárhags- tjóns stefnanda. Því síður sé til að dreifa ásetningi til að valda stefnanda tjóni. Telur stefndi, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni, þar sem hún hafi þegar fengið viðurkenndan rétt, sem sé umfram skyldu stefnda.

*Niðurstaða.*

Svo sem fram kemur í úrskurði tryggingaráðs og einnig í skýrslu vitnisins Marteins Guðjónssonar, föður stefnanda, hér fyrir dómi, hafði iðulega verið spurð fyrir um rétt stefnanda og leitað eftir bótum, en stefnanda ávallt verið synjað um bætur. Verður ekki betur séð en synjun hafi stafað af því, að starfsmenn stefnda gerðu sér ekki grein fyrir málavöxtum né heldur hlutudust til um, að réttarstaða stefnanda yrði könnuð, svo sem rétt hefði verið samkvæmt rannsóknarreglu stjórnisýsluréttar, sbr. nú 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, svo og þykir sýnt, að jafnframt hafi leiðbeiningarskylda, sbr. nú 7. gr. sömu laga, verið brotin, þar sem stefnandi fékk rangar upplýsingar um réttarstöðu sína. Vegna þessa varð verulegur dráttur á því, að stefnandi fengi greiðslu örorkustyrks, og ber stefndi ábyrgð á tjóni hennar vegna þess.

Um dráttarvaxtakröfu stefnanda er það að segja, að eins og atvikum er hér háttað, verður ekki við það miðað, að 9. gr. vaxtalaga taki til þessa tilviks, þar sem ekki verður fallist á, að gjalddagi kröfu stefnanda hafi verið fyrir fram ákveðinn, né heldur, að um hann hafi verið samið. Verður hér að telja, að krafa stefnanda sé í reynd skaðabótakrafa, en samkvæmt framsögðu þykir stefnandi hafa sýnt fram á það, að stefndi beri á því ábyrgð, að greiðslur til hennar drógust svo sem raun varð á.

Eins og málsatvikum er háttað hér, einkum það, að erindi stefnanda, sem leitaði til ríkisstofnunar, er samkvæmt lögum hefur það hlutverk að tryggja borgurunum bætur í tilvikum eins og hér er fjallað um, var margsinnis og árum saman borið upp við starfsmenn stefnda, án þess að við því væri brugðist með réttum hætti, þykir mega ákvarða bætur til hennar að álitum. Eru þær hæfilega ákveðnar 300.000 krónur, og beri bótafjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Rétt þykir, að málskostnaður milli aðila falli niður.

Stefnandi hefur fengið gjafsókn í máli þessu, og greiðist allur málskostnaður hennar, 120.000 krónur, úr ríkissjóði, og hefur þá verið tekið tillit til reglna um greiðslu virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

## D ó m s o r ð:

Stefndi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefnanda, Höllu Björku Marteinsdóttur, 300.000 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, 120.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.